



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

170.

FUNDUR SKÓLANEFNDAR

11. maí 1992

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Ingvar Eyfjörð Jónsson, Jón Sæmundsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson, og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, síðan var gengið til dagskrár.

1. **Fjárlagagerð.**

Fjárlagagerð fyrir 1993 samþykkt.

2. **Niðurskurður.**

Samkvæmt ákvörðun Alþingis lagði skólameistari fram hugmyndir um niðurskurð fyrir næstu önn og voru þær samþykktar.

3. **Kennararáðningar.**

Mælt er með að eftirtaldir kennara verði endurráðnir:

Alda Jensdóttir
Ágúst Ásgeirsson
Ása Einarsdóttir
(í 60% starf)
Baldur Þ. Guðmundsson
Björn Sturlaugsson
Borgþór Arngrímsson
Gísli Torfason
Guðný Árnadóttir
Gunnlaugur R. Jónsson
Hjörtur Marteinnsson

Hörður Ragnarsson
Jón Pálmi Skarphéðinsson
Karl Smári Hreinsson
Kristján P. Ásmundsson
Magnús Ó. Ingvarsson
Ólafur Sigurðsson
Sigurlaug Kristinsdóttir
Sumarrós Sigurðardóttir
Svanhildur Kjær
Unnur B. Þórhallsdóttir
Þorvaldur Sigurðsson

Auk þess óskar Björn Sturlaugsson og Ólafur Sigurðsson eftir skipun í starf. Samþykkt að mæla með því að Ólafur fái skipun, en vegna óvissu með kennslu í greinum Björns er ekki mælt með því að hann fái skipun að svo stöddu. Afgreiðslu á umsókn Sævars Tjörvasonar er frestað og skólameistara veitt heimild til að ráða hann ef næg kennsla verður á næstu önn. Skólanefnd mælir með að eftirtaldir verði ráðnir í lausar stöður:

Áslaug Jónasdóttir í stöðu líffræðikennara,
Gylfi Þorkelsson í stöðu íslenskukennara,
Hrannar Hólm í stöðu raungreinakennara,

Kristján Jóhannsson í stöðu málmiðnakennara.
Skólameistari fær umboð til að ganga frá ráðningu
sögu kennara síðar og til að auglýsa eftir og ráða kennara í
ensku.

Kristbjörn Albertsson ítrekar ósk sína um að fá sendar
upplýsingar um umsóknir nýrra kennara fyrir fundi.

4. Staða húsvarðar.

Samþykkt að veita skólameistara heimild til að auglýsa starf
húsvarðar og senda krans frá skólanefnd og starfsfólki FS
til aðstandenda Sigurðar Steinssonar, sem lést í síðustu
viku.

5. Staða bókasafnsfræðings.

Hulda Björk Þorkelsdóttir, bókasafnsfræðingur skólans, hefur
óskað eftir árs leyfi án launa. Skólanefnd samþykkir að
veita henni leyfið og að auglýsa stöðuna. Huldu Björk er
jafnframt þökkúð vel unnin störf við uppbyggingu bókasafns
skólans.


6. Útskrift vorannar 1992.


Útskriftin verður með hefðbundnum hætti sunnudaginn 17. maí
kl. 15.00 í Ytri-Njarðvíkurkirkju. Samþykkt að bjóða starfs-
fólki skólans í kaffi á Þristinum eftir athöfnina.

7. Önnur mál.

- a) Trúnaðarmál. Rætt nánar síðar.
- b) Nýr fulltrúi nemenda óskar eftir að fá lög og reglu-
gerðir um framhaldsskóla og kynningu á fundarmönnum. Úr
því var leyst samstundis.
- c) Samþykkt að veita Unni Þórhallsdóttur og Svanhildi Kjær
styrki til námskeiða kr. 15.000.
- d) Tveir fulltrúar frá ráðuneytinu komu í heimsókn og
skoðuðu skólann s.l. laugardag og gáfu vilyrði fyrir
fjármunum til viðhalds.
- e) Ráðuneytið hefur ákveðið að veita FS kr. 700.000 til
þróunarstarfs vegna starfstengdra námsbrauta.
- f) Magnús Óskar spyr hvort blaðamál á Sauðárkróki tengt
Suðurnesjum tengist skólanum. Svo er ekki.
- g) Samþykkt að sækja um styrk til Listskreytingasjóðs
ríkisins vegna nýbyggingarinnar.
- h) Umræða um brottrekstur úr skóla og samstarf milli aðila
sem vinna við félagsmál unglunga.
- i) Fundarritari lýsir áhuga sínum á að sinna fundarritun
áfram þó hún sé að hverfa til annarra starfa og var
samþykkt að leyfa henni það.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Næsti fundur boðaður 18. maí kl. 20.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir,
fundarritari